

**VIÐAUKI I**  
**SAMANTEKT Á EGINLEIKUM LYFS**

## 1. HEITI DÝRALYFS

Versican Plus DHPPi frostþurrkað stungulyf og leysir, dreifa, fyrir hunda

## 2. INNIHALDSLÝSING

Hver 1 ml skammtur inniheldur:

**Virk innihaldsefni:**

**Frostþurrkað lyf (lifandi veiklað):**

	Lágmark	Hámark
Hundafársveira, stofn CDV Bio 11/A	$10^{3,1}$ TCID <sub>50</sub> *	$10^{5,1}$ TCID <sub>50</sub> *
Hundaadenóveira, tegund 2, stofn CAV-2-Bio 13	$10^{3,6}$ TCID <sub>50</sub> *	$10^{5,3}$ TCID <sub>50</sub> *
Hundaparvóveira tegund 2b, stofn CPV-2b-Bio 12/B	$10^{4,3}$ TCID <sub>50</sub> *	$10^{6,6}$ TCID <sub>50</sub> *
Hundaparainflúensuveira tegund 2, stofn CPiV-2-Bio 15	$10^{3,1}$ TCID <sub>50</sub> *	$10^{5,1}$ TCID <sub>50</sub> *

\* Skammtur sem dugar til að sýkja 50% smitaðra vefjarækta (tissue culture infectious dose 50%).

**Hjálparefni:**

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
<b>Frostþurrkað lyf:</b>
Trómetamól
Etýlendíamíntetraediksýra (edetic acid, EDTA)
Súkrósi
Dextran 70
<b>Leysir:</b>
Vatn fyrir stungulyf ( <i>Aqua ad iniectionabilia</i> )

Útlit lyfsins er sem hér segir:

Frostþurrkað lyf: Svampkennt hvít efni.

Leysir: Tær litlaus vökvi.

## 3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

### 3.1 Markdýrategundir

Hundar

### 3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Virk ónæmingaraðgerð hjá hundum frá 6 vikna aldrí:

- til að koma í veg fyrir dauðsföll og klínisk einkenni af völdum hundafársveiru,
- til að koma í veg fyrir dauðsföll og klínisk einkenni af völdum hundaadenóveiru af tegund 1,
- til að koma í veg fyrir klínisk einkenni af völdum hundaadenóveiru af tegund 2 og draga úr útskilnaði veirunnar,
- til að koma í veg fyrir klínisk einkenni og hvítfrumnafæð af völdum hundaparvóveiru og draga úr útskilnaði veirunnar og
- til að koma í veg fyrir klínisk einkenni (útfærð úr nefi og augum) af völdum hundaparainflúensuveiru og draga úr útskilnaði veirunnar.

### Upphof ónæmis:

- gegn CDV, CAV, CPV: 3 vikum eftir fyrstu bólusetningu,
- gegn CPiV: 3 vikum eftir lok fyrstu bólusetningarlotu.

### Ending ónæmis:

Að minnsta kosti þrjú ár eftir fyrstu bólusetningarlotu gegn hundafársveiru, hundaadenóveiru tegund 1, hundaadenóveiru tegund 2 og hundaparvóveiru. Ekki var sýnt fram á endingu ónæmis gegn CAV-2 með sýkingartilraunum. Sýnt var fram á að mótefni gegn CAV-2 væru enn til staðar 3 árum eftir bólusetningu. Talið er að verjandi ónæmissvörun gegn öndunarfærasjúkdómi sem tengist CAV-2 endist a.m.k. í 3 ár. Að minnsta kosti eitt ár eftir fyrstu bólusetningarlotu gegn hundaparinflúensuveiru.

### **3.3 Frábendingar**

Engar.

### **3.4 Sérstök varnaðarorð**

Góð ónæmissvörun er háð því að ónæmiskerfið sé vel starfhæft. Ónæmingargeta dýrs getur verið skert vegna mismunandi þáttta, svo sem lélegs heilsufars, næringarástands, arfgengra þáttta, lyfja sem tekin eru samtímis og vegna streitu.

Ónæmissvörun við CDV-, CAV- og CPV-þáttum bóluefnisins getur seinkað vegna truflunar af völdum mótefna frá móður. Þó hefur verið sýnt fram á að bóluefnið veitir vernd gegn smitun ef til staðar eru mótefni frá móður gegn CDV, CAV og CPV í þéttni sem er jafn mikil eða meiri en búast má við að finna við náttúrlegar aðstæður. Við aðstæður þar sem búast má við mjög mikilli þéttni mótefna frá móður á að haga bólusetningu með tilliti til þess.

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

### **3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun**

#### Sérstakar varúðarreglur til öruggar notkunar hjá markdýrategundunum:

Bólusettir hundar geta skilið lifandi veikluð veirustofnana CAV-2, CPiV og CPV-2b út eftir bólusetningu, sýnt hefur verið fram á útskilnað CPV í allt að 10 daga. Vegna lítillar sýkingargetu þessara stofna er þó ekki nauðsynlegt að skilja bólusetta hunda frá óbólusettum hundum og heimilisköttum. Veirustofninn CPV-2b sem er í bóluefninu, hefur ekki verið prófaður í öðrum kjötætum (nema hundum og heimilisköttum) sem vitað er að eru næmar fyrir hundaparvóveirum og því á að skilja bólusetta hunda frá þeim eftir bólusetningu.

#### Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysni skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

#### Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

### **3.6 Aukaverkanir**

Hundar:

Algengar	þroti á stungustað <sup>1</sup>
----------	---------------------------------

(1 til 10 dýr / 100 dýrum sem fá meðferð):	
Mjög sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð):	ofnæmisviðbrögð <sup>2</sup> (bráðaofnæmi, ofnæmisbjúgur, blóðrásarlost, örmögnum, niðurgangur, mæði, uppköst) lystarleysi, minnkuð virkni
Koma örsjaldan fyrir (<1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):	ofhiti, svefnhöfgi, lasleiki

<sup>1</sup> Tímabundinn þroti (allt að 5 cm) sem getur verið sársaukafullur, heitur eða rauður. Slíkur þroti gengur annað hvort til baka af sjálfu sér eða minnkar verulega á 14 dögum eftir bólusetningu.

<sup>2</sup> Ef ofnæmisviðbrögð koma fram á að veita viðeigandi meðferð tafarlaust. Viðbrögðin geta þróast áfram í alvarlegra ástand, sem getur verið lífshættulegt.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafirvalda. Sjá upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

### 3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

#### Meðganga og mjólkurgjöf:

Nota má dýralyfið á öðrum og þriðja hluta meðgöngu. Öryggi dýralyfsins snemma á meðgöngu og við mjólkurgjöf hefur ekki verið rannsakað.

### 3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóluefnis við samtímis notkun neins annars dýralyfs annarra en Versiguard Rabies og Versican Plus L4. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýralyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

#### Leptospira:

Ef þörf er fyrir vernd gegn *Leptospira* má bólusetja hunda með tveimur skömmum af Versican Plus DHPPi sem blandað er við Versican Plus L4 með 3-4 vikna millibili frá 6 vikna aldri:

Blanda á innihald eins hettuglass af Versican Plus DHPPi með innihaldi eins hettuglass af Versican Plus L4 (í stað leysis). Eftir blöndun á innihald hettuglassins að vera bleikleitt eða gulleitt með lítils háttar ópalgljáa. Gefa á bóluefnablönduna tafarlaust undir húð.

#### Hundaæði:

Ef þörf er fyrir vernd gegn hundaæði:

Fyrri skammtur: Versican Plus DHPPi frá 8–9 vikna aldri.

Seinni skammtur: Versican Plus DHPPi blandað við Versiguard Rabies 3-4 vikum seinna, en ekki fyrr en dýrin hafa náð 12 vikna aldri.

Blanda á innihald eins hettuglass af Versican Plus DHPPi með innihaldi eins hettuglass af Versiguard Rabies (í stað leysis). Eftir blöndun á innihald hettuglassins að vera bleikt/rautt eða gulleitt með lítils háttar ópalgljáa. Gefa á bóluefnablönduna tafarlaust undir húð.

Í rannsóknastofutilraunum hefur verið sýnt fram á virkni hundaæðipáttar bóluefnisins eftir stakan skammt frá 12 vikna aldri. Í rannsóknum við náttúrlegar aðstæður komu þó ekki fram mótefni í sermi (> 0,1 a.e./ml) hjá 10% hunda sem ekki höfðu þau fyrir, 3–4 vikum eftir frumbólusetningu gegn hundaæði með stökum skammti.. Hjá sumum dýrum getur verið að titrar nái ekki >0,5 a.e./ml eftir frumbólusetningu. Mótefnatítrar minnka á 3 ára endingartíma ónæmisins, þó hundar séu varðir gegn sýkingu. Ef ferðast er til áhættusvæða eða utan Evrópusambandsins gætu dýralæknar viljað gefa viðbótarbólusetningu gegn hundaæði eftir 12 vikna aldur, til að tryggja að bólusettir hundar séu með mótefnatítra sem nema ≥0,5 a.e./ml, sem er almennt talið veita næga vernd og uppfylla skilyrði þess að heimilt sé að ferðast (mótefnatítrar ≥0,5 a.e./ml).

Þó sýnt hafi verið fram á verkun bóluefnispáttarins gegn hundaæði eftir gjöf við 12 vikna aldur, getur dýralæknir ákveðið að bólusetja hunda yngri en 8 vikna með Versican Plus DHPPi blönduðu við Versiguard Rabies ef þörf krefur, þar sem sýnt hefur verið fram á öryggi við notkun slíkrar blöndu hjá 6 vikna gömlum hundum.

### **3.9 Íkomuleiðir og skammtar**

Til notkunar undir húð.

#### Skammtar og íkomuleið:

Blandið frostþurrkaða stungulyfinu við leysinn að viðhafðri smitgát. Hristið vel og gefið alla blönduna (1 ml) tafarlaust.

Útlit blandaðs bóluefnis: tært, hvítleitt eða gulleitt með lítils háttar ópalgljáa.

#### Frumbólusetning:

Tveir skammtar af Versican Plus DHPPi með 3-4 vikna millibili, frá 6 vikna aldri.

#### Endurbólusetning:

Gefa á stakan skammt af Versican Plus DHPPi á 3 ára fresti. Nauðsynlegt er að endurbólusetja árlega gegn parainflúensu. Því er hægt að nota staka skammta af samrýmanlega bóluefninu Versican Plus Pi árlega eftir þörfum.

### **3.10 Einkenni ofskömmtnar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við )**

Ekki hefur orðið vart við aðrar aukaverkanir en þær sem taldar eru upp í kafla 3.6 eftir gjöf 10-falds skammts af bóluefninu. Hjá minnihluta dýranna varð þó vart við verk á stungustað strax eftir að 10-faldur skammtur af bóluefninu var gefinn.

### **3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýralyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismynund**

Á ekki við.

### **3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu**

Á ekki við.

## **4. ÓNÆMISFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR**

### **4.1 ATCvet kóði: QI07AD04.**

Bóluefnið er ætlað til virkrar ónæmingar hjá heilbrigðum hvolpum og hundum gegn sjúkdómum af völdum hundafársveiru, hundaparvóveiru, hundaadenóveiru af tegundum 1 og 2 og hundaparinflúensuveiru.

## **5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR**

### **5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli**

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við nein önnur dýralyf en nefnd eru í kafla 3.8 hér fyrir ofan.

## **5.2 Geymsluþol**

Geymsluþol dýralyfsins í söluumbúðum: 2 ár.  
Geymsluþol eftir blöndun samkvæmt leiðbeiningum: Notið tafarlaust.

## **5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu**

Geymið og flytjið í kæli (2°C - 8°C).  
Má ekki frjósa.  
Verjið gegn ljósi.

## **5.4 Gerð og samsetning innri umbúða**

Hettuglas úr gleri af tegund I sem inniheldur 1 skammt af frostþurrkuðu lyfi, lokað með tappa úr brómbútlögummi og álhettu.  
Hettuglas úr gleri af tegund I sem inniheldur 1 ml af leysi, lokað með tappa úr klórbútlögummi og álhettu.

Pakkningastærðir:

Plastkassi með 25 hettuglösum (1 skammtur) af frostþurrkuðu lyfi og 25 hettuglösum (1 ml) af leysi.  
Plastkassi með 50 hettuglösum (1 skammtur) af frostþurrkuðu lyfi og 50 hettuglösum (1 ml) af leysi.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

## **5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra**

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

## **6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA**

Zoetis Belgium

## **7. MARKAÐSLEYFISNÚMER**

EU/2/14/169/001  
EU/2/14/169/002

## **8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS**

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 04/07/2014

## **9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EGINLEIKUM LYFS**

## **10. FLOKKUN DÝRALYFSINS**

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

## **VIÐAUKI II**

### **ADRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**

Engin.

**VIÐAUKI III**  
**ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL**

## **A. ÁLETRANIR**

## UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

### ASKJA

#### 1. HEITI DÝRALYFS

Versican Plus DHPPi frostþurrkað stungulyf og leysir, dreifa.

#### 2. VIRK INNIHALDSEFNI

Hver 1 ml skammtur inniheldur:

##### Virk innihaldsefni:

##### Frostþurrkaður þáttur (lifandi veiklað bóluefni):

Hundafársveira  
Hundaadenóveira, tegund 2  
Hundaparvóveira tegund 2b  
Hundaparinflúensuveira tegund 2

##### Lágmark

$10^{3,1}$  TCID<sub>50</sub>  
 $10^{3,6}$  TCID<sub>50</sub>  
 $10^{4,3}$  TCID<sub>50</sub>  
 $10^{3,1}$  TCID<sub>50</sub>

##### Hámark

$10^{5,1}$  TCID<sub>50</sub>  
 $10^{5,3}$  TCID<sub>50</sub>  
 $10^{6,6}$  TCID<sub>50</sub>  
 $10^{5,1}$  TCID<sub>50</sub>

##### Leysir:

Vatn fyrir stungulyf (*Aqua ad iniecatibilia*)

#### 3. PAKKNINGASTÆRD

25 x 1 skammtur  
50 x 1 skammtur

#### 4. MARKDÝRATEGUNDIR

Hundar.

#### 5. ÁBENDINGAR

#### 6. ÍKOMULEIÐIR

Til notkunar undir húð.

#### 7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

#### 8. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {mm/áááá}

Eftir blöndun skal nota lyfið strax.

**9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI**

Geymið og flytjið í kæli.  
Má ekki frjósa.  
Verjið gegn ljósi.

**10. VARNAÐARORDIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“**

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

**11. VARNAÐARORDIN „DÝRALYF“**

Dýralyf.

**12. VARNAÐARORDIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

**13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA**

Zoetis Belgium

**14. MARKADSLEYFISNÚMER**

EU/2/14/169/001 25 x 1 skammtur  
EU/2/14/169/002 50 x 1 skammtur

**15. LOTUNÚMER**

Lot {númer}

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM**

**HETTUGLAS (1 SKAMMTUR AF FROSTÞURRKUÐU LYFI**

**1. HEITI DÝRALYFS**

Versican Plus DHPPi



**2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA**

**DHPPi**

1 skammtur

**3. LOTUNÚMER**

Lot {númer}

**4. FYRNINGARDAGSETNING**

Exp. {mm/áááá}

Eftir blöndun skal nota lyfið strax.

**LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM**

**HETTUGLAS (1 ML AF LEYSI)**

**1. HEITI DÝRALYFS**

Versican Plus DHPPi



**2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA**

Vatn fyrir stungulyf  
1 ml

**3. LOTUNÚMER**

Lot {númer}

**4. FYRNINGARDAGSETNING**

Exp. {mmmm/áááá}

## **B. FYLGISEÐILL**

## FYLGISEÐILL

### 1. Heiti dýralyfs

Versican Plus DHPPi frostþurrkað stungulyf og leysir, dreifa, fyrir hunda

### 2. Innihaldslýsing

Hver 1 ml skammtur inniheldur:

#### Virk innihaldsefni:

##### **Frostþurrkað lyf (lifandi veiklað):**

Hundafársveira, stofn CDV Bio 11/A  
Hundaadenóveira, tegund 2, stofn CAV-2-Bio 13  
Hundaparvóveira tegund 2b, stofn CPV-2b-Bio 12/B  
Hundaparinflúensuveira tegund 2, stofn CPiV-2-Bio 15

##### Lágmark

$10^{3,1}$  TCID<sub>50</sub>\*  
 $10^{3,6}$  TCID<sub>50</sub>\*  
 $10^{4,3}$  TCID<sub>50</sub>\*  
 $10^{3,1}$  TCID<sub>50</sub>\*

##### Hámark

$10^{5,1}$  TCID<sub>50</sub>\*  
 $10^{5,3}$  TCID<sub>50</sub>\*  
 $10^{6,6}$  TCID<sub>50</sub>\*  
 $10^{5,1}$  TCID<sub>50</sub>\*

#### Leysir:

Vatn fyrir stungulyf (*Aqua ad injectabilia*) 1 ml

\* Skammtur sem dugar til að sýkja 50% smitaðra vefjarækta (tissue culture infectious dose 50%).

Útlit lyfsins er sem hér segir:

Frostþurrkað lyf: Svampkennt hvítt efni.

Leysir: Tær litlaus lausn.

### 3. Markdýrategundir

Hundar.

### 4. Ábendingar fyrir notkun

Virk ónæmingaraðgerð hjá hundum frá 6 vikna aldri:

- til að koma í veg fyrir dauðsföll og klínisk einkenni af völdum hundafársveiru,
- til að koma í veg fyrir dauðsföll og klínisk einkenni af völdum hundaadenóveiru af tegund 1,
- til að koma í veg fyrir klínisk einkenni af völdum hundaadenóveiru af tegund 2 og draga úr útskilnaði veirunnar,
- til að koma í veg fyrir klínisk einkenni og hvítfrumnafæð af völdum hundaparvóveiru og draga úr útskilnaði veirunnar og
- til að koma í veg fyrir klínisk einkenni (útfærð úr nefi og augum) af völdum hundaparinflúensuveiru og draga úr útskilnaði veirunnar.

#### Upphof ónæmis:

- gegn CDV, CAV, CPV: 3 vikum eftir fyrstu bólusetningu,
- gegn CPiV: 3 vikum eftir lok fyrstu bólusetningarlotu.

#### Ending ónæmis:

Að minnsta kosti þrjú ár eftir fyrstu bólusetningarlotu gegn hundafársveiru, hundaadenóveiru tegund 1, hundaadenóveiru tegund 2 og hundaparvóveiru. Ekki var sýnt fram á endingu ónæmis gegn CAV-2 með sýkingartilraunum. Sýnt var fram á að mótefni gegn CAV-2 væru enn til staðar 3 árum eftir bólusetningu. Talið er að verjandi ónæmissvörum gegn öndunararfærasjúkdómi sem tengist CAV-2

endist a.m.k. í 3 ár. Að minnsta kosti eitt ár eftir fyrstu bólusetningarlotu gegn hundaparinflúensuveiru.

## 5. Frábendingar

Engar.

## 6. Sérstök varnaðarorð

### Sérstök varnaðarorð:

Góð ónæmissvörun er háð því að ónæmiskerfið sé vel starfhæft. Ónæmingargeta dýrs getur verið skert vegna mismunandi þáttta, svo sem lélegs heilsufars, næringarástands, arfgengra þáttta, lyfja sem tekin eru samtímis og vegna streitu.

Ónæmissvörun við CDV-, CAV- og CPV-þáttum bóluefnisins getur seinkað vegna truflunar af völdum mótefna frá móður. Þó hefur verið sýnt fram á að bóluefnið veitir vernd gegn smitun ef til staðar eru mótefni frá móður gegn CDV, CAV og CPV í þéttni sem er jafn mikil eða meiri en búast má við að finna við náttúrlegar aðstæður. Við aðstæður þar sem búast má við mjög mikilli þéttni mótefna frá móður á að haga bólusetningu með tilliti til þess.

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

### Sérstakar varúðarreglur til öruggar notkunar hjá markdýrategundum:

Bólusettir hundar geta skilið lifandi veikluðu veirustofnana CAV-2, CPiV og CPV-2b út eftir bólusetningu, sýnt hefur verið fram á útskilnað CPV í allt að 10 daga. Vegna lítillar sýkingargetu þessara stofna er þó ekki nauðsynlegt að skilja bólusetta hunda frá óbólusettum hundum og heimilisköttum. Veirustofninn CPV-2b sem er í bóluefninu, hefur ekki verið prófaður í öðrum kjötætum (nema hundum og heimilisköttum) sem vitað er að eru næmar fyrir hundaparvóveirum.og því á að skilja bólusetta hunda frá þeim eftir bólusetningu.

### Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Ef sa sem annast lyfjagjöf sprautar sig með dýralyfinu fyrir slysni skal tafarlaust leita til læknis og hafa meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

### Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

### Meðganga og mjólkurgjöf:

Nota má dýralyfið á öðrum og þriðja hluta með göngu. Öryggi dýralyfsins snemma á með göngu og við mjólkurgjöf hefur ekki verið rannsakað.

### Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um öryggi og verkun þessa bóluefnis við samtímis notkun neins annars dýralyfs en Versiguard Rabies og Versican Plus L4. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýralyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

### *Leptospira:*

Ef þörf er fyrir vernd gegn *Leptospira* má bólusetja hunda með tveimur skömmum af Versican Plus DHPPi sem blandað er við Versican Plus L4 með 3-4 vikna millibili frá 6 vikna aldri:

Blanda á innihald eins hettuglass af Versican Plus DHPPi með innihaldi eins hettuglass af Versican Plus L4 (í stað leysis). Eftir blöndun á innihald hettuglassins að vera bleikleitt eða gulleitt með lítils háttar ópalgljáa. Gefa á bóluefnablönduna tafarlaust undir húð.

### Hundaæði:

Ef þörf er fyrir vernd gegn hundaæði:

Fyrri skammtur: Versican Plus DHPPi frá 8–9 vikna aldri.

Seinni skammtur: Versican Plus DHPPi blandað við Versiguard Rabies 3-4 vikum seinna, en ekki fyrr en dýrin hafa náð 12 vikna aldri.

Blanda á innihald eins hettuglass af Versican Plus DHPPi með innihaldi eins hettuglass af Versiguard Rabies (í stað leysis). Eftir blöndun á innihald hettuglassins að vera bleikt/rautt eða gulleitt með lítils háttar ópalgljáa. Gefa á bóluefnablönduna tafarlaust undir húð.

Í rannsóknastofutilraunum hefur verið sýnt fram á virkni hundaæðipáttar bóluefnisins eftir stakan skammt frá 12 vikna aldri. Í rannsóknum við náttúrlegar aðstæður komu þó ekki fram mótefni í sermi ( $> 0,1$  a.e./ml) hjá 10% hunda sem ekki höfðu þau fyrir, 3–4 vikum eftir frumbólusettningu gegn hundaæði með stökum skammti.. Hjá sumum dýrum getur verið að titrar nái ekki  $>0,5$  a.e./ml eftir frumbólusettningu. Mótefnatítrar minnka á 3 ára endingartíma ónæmisins, þó hundar séu varðir gegn sýkingu. Ef ferðast er til áhættusvæða eða utan Evrópusambandsins gætu dýralæknar viljað gefa viðbótarbólusettningu gegn hundaæði eftir 12 vikna aldur, til að tryggja að bólusettir hundar séu með mótefnatítra sem nema  $\geq 0,5$  a.e./ml, sem er almennt talið veita næga vernd og uppfylla skilyrði þess að heimilt sé að ferðast (mótefnatítrar  $\geq 0,5$  a.e./ml).

Þó sýnt hafi verið fram á verkun bóluefnispáttarins gegn hundaæði eftir gjöf við 12 vikna aldur, getur dýralæknir ákveðið að bólusettja hunda yngri en 8 vikna með Versican Plus DHPPi blönduðu við Versiguard Rabies ef þörf krefur, þar sem sýnt hefur verið fram á öryggi við notkun slíkrar blöndu hjá 6 vikna gömlum hundum.

#### Ofskömmun:

Ekki hefur orðið vart við aðrar aukaverkanir en þær sem taldar eru upp í kaflanum „Aukaverkanir“ eftir gjöf 10-falds skammts af bóluefninu. Hjá minnihluta dýranna varð þó vart við verk á stungustað strax eftir að 10-faldur skammtur af bóluefninu var gefinn.

#### Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun:

Á ekki við.

#### Ósamrýmanleiki sem skiptir máli:

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við önnur dýralyf en nefnd eru í kaflanum „Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir“.

## **7. Aukaverkanir**

Hundar:

Algengar (1 til 10 dýr / 100 dýrum sem fá meðferð): þroti á stungustað <sup>1</sup>
Mjög sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð): Ofnæmisviðbrögð <sup>2</sup> (bráðaofnæmi, ofnæmisbjúgur, blóðrásarlost, örmögnum, niðurgangur, mæði, uppköst) lystarleysi, minnkuð virkni
Koma örsjaldan fyrir (<1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik): ofhiti, svefnhöfgi, lasleiki

<sup>1</sup> Tímabundinn þroti (allt að 5 cm) sem getur verið sársaukafullur, heitur eða rauður. Slíkur þroti gengur annað hvort til baka af sjálfu sér eða minnkar verulega á 14 dögum eftir bólusettningu.

<sup>2</sup> Ef ofnæmisviðbrögð koma fram á að veita viðeigandi meðferð tafarlaust. Viðbrögðin geta þróast áfram í alvarlegra ástand, sem getur verið lífshættulegt.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhværra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilæthuð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans eða fulltrúa markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjaysirvalda {lysing á kerfinu}.

## **8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf**

Til notkunar undir húð.

### Frumbólusetning:

Tveir skammtar af Versican Plus DHPPi með 3-4 vikna millibili, frá 6 vikna aldri.

### Endurbólusetning:

Gefa á stakan skammt af Versican Plus DHPPi á 3 ára fresti. Nauðsynlegt er að endurbólusetja árlega gegn parainflúensu og því er hægt að nota staka skammta af samrýmanlega bóluefninu Versican Plus Pi árlega eftir þörfum.

## **9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf**

Blandið frostþurrkaða stungulyfinu við leysinn að viðhafðri smitgát. Hristið vel og gefið alla blönduna (1 ml) tafarlaust.

Útlit blandaðs bóluefnis: tært, hvíleitt eða gulleitt með lítils háttar ópalgljáa.

## **10. Biðtími fyrir afurðanýtingu**

Á ekki við.

## **11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu**

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið og flytjið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.

Verjið gegn ljósi.

Ekki skal nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP.

Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymsluþol eftir blöndun samkvæmt leiðbeiningum: notið strax.

## **12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar**

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Leitið ráða hjá dýralækni eða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

### **13. Flokkun dýralyfsins**

Dýralyfið er ávísunarskylt.

### **14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir**

EU/2/14/169/001-002

Plastkassi með 25 hettuglösum (1 skammtur) af frostþurrkuðu lyfi og 25 hettuglösum (1 ml) af leysi.  
Plastkassi með 50 hettuglösum (1 skammtur) af frostþurrkuðu lyfi og 50 hettuglösum (1 ml) af leysi.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins**

{DD/MM/ÁÁÁÁ}

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

### **16. Tengiliðaupplýsingar**

#### Markaðsleyfishafi:

Zoetis Belgium  
Rue Laid Burniat 1  
1348 Louvain-La-Neuve  
Belgía

#### Framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt:

Bioveta, a.s.,  
Komenského 212/12,  
683 23 Ivanovice na Hané,  
Tékkland

Fulltrúar markaðsleyfishafa og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

#### **België/Belgique/Belgien**

Zoetis Belgium  
Mercuriusstraat 20  
BE-1930 Zaventem  
Tél/Tel: +32 (0) 800 99 189

#### **Lietuva**

Zoetis Belgium  
Mercuriusstraat 20  
1930 Zaventem  
Belgija  
Tel: +370 610 05088

#### **Република България**

Zoetis Belgium  
Rue Laid Burniat 1  
1348 Louvain-La-Neuve  
Белгия  
Тел: +359 888 51 30 30

#### **Luxembourg/Luxemburg**

Zoetis Belgium  
Mercuriusstraat 20  
1930 Zaventem  
Belsch  
Tél/Tel: +32 (2) 746 80 11

**Česká republika**  
Zoetis Česká republika, s.r.o.  
náměstí 14. října 642/17  
CZ 150 00 Praha  
Tel: +420 257 101 111

**Danmark**  
Zoetis Animal Health ApS  
Øster Alle 48  
DK-2100 København  
Tlf: +45 70 20 73 05  
[adr.scandinavia@zoetis.com](mailto:adr.scandinavia@zoetis.com)

**Deutschland**  
Zoetis Deutschland GmbH  
Schellingstr. 1  
DE-10785 Berlin  
Tel: +49 30 2020 0049  
[tierarzneimittelsicherheit@zoetis.com](mailto:tierarzneimittelsicherheit@zoetis.com)

**Eesti**  
Zoetis Belgium  
Mercuriusstraat 20  
1930 Zaventem  
Belgia  
Tel: +370 610 05088

**Ελλάδα**  
Zoetis Hellas S.A.  
Φραγκοκλησιάς 7, Μαρούσι  
EL-15125 Αττική  
Τηλ: +30 210 6791900

**España**  
Zoetis Spain, S.L.  
Parque Empresarial Vía Norte Edificio nº1,  
c/ Quintanavides nº13  
ES-28050 Madrid  
Tel: +34 91 4191900

**France**  
Zoetis France  
10 rue Raymond David  
FR-92240 Malakoff  
Tél: +33 (0)800 73 00 65

**Hrvatska**  
Zoetis B.V.  
Podružnica Zagreb za promidžbu  
Peta Hektorovića 2  
HR-10000 Zagreb  
Tel: +385 1 6441 462

**Magyarország**  
Zoetis Hungary Kft.  
Csörsz u. 41.  
HU-1124 Budapest  
Tel.: +36 1 224 5200

**Malta**  
Agrimed Limited  
Mdina Road, Zebbug ZBG 9016,  
MT  
Tel: +356 21 465 797

**Nederland**  
Zoetis B.V.  
Rivium Westlaan 74  
NL-2909 LD Capelle aan den IJssel  
Tel: +31 (0)10 714 0900

**Norge**  
Zoetis Animal Health ApS  
Øster Alle 48  
DK-2100 København  
Danmark  
Tlf: +47 23 29 86 80  
[adr.scandinavia@zoetis.com](mailto:adr.scandinavia@zoetis.com)

**Österreich**  
Zoetis Österreich GmbH  
Floridsdorfer Hauptstr. 1  
AT-1210 Wien  
Tel: +43 (0)1 2701100 100

**Polska**  
Zoetis Polska Sp. z o.o.  
ul. Postępu 17B  
PL - 02-676 Warszawa  
Tel.: +48 22 2234800

**Portugal**  
Zoetis Portugal Lda.  
Lagoas Park, Edifício 10  
PT-2740-271 Porto Salvo  
Tel: +351 21 042 72 00

**România**  
Zoetis România S.R.L.  
Expo Business Park, 54A Aviator Popișteanu,  
Clădirea 2, Etaj 1-3, Sector 1,  
București, 012095 - RO  
Tel: +40785019479

**Ireland**

Zoetis Belgium S.A. (Irish Branch)  
2nd Floor, Building 10,  
Cherrywood Business Park,  
Loughlinstown,  
Co. Dublin,  
IE – Dublin D18 T3Y1  
Tel: +353 (0) 1 256 9800

**Ísland**

Zoetis Animal Health ApS  
Øster Alle 48  
DK-2100 København  
Danmörku  
Sími: +45 70 20 73 05  
[adr.scandinavia@zoetis.com](mailto:adr.scandinavia@zoetis.com)

**Italia**

Zoetis Italia S.r.l.  
Via Andrea Doria 41M,  
IT-00192 Roma  
Tel: +39 06 3366 8111

**Κύπρος**

Zoetis Hellas S.A.  
Φραγκοκλησιάς 7, Μαρούσι  
15125, Αττική  
Ελλάδα  
Τηλ: +30 210 6791900

**Latvija**

Zoetis Belgium  
Mercuriusstraat 20  
1930 Zaventem  
Belgija  
Tel: +370 610 05088

**Slovenija**

Zoetis B.V.  
Podružnica Zagreb za promidžbu  
Peta Hektorovića 2,  
10000 Zagreb,  
Hrvatska  
Tel: +385 1 6441 462

**Slovenská republika**

Zoetis Česká republika, s.r.o.  
náměstí 14. října 642/17  
150 00 Praha  
Česká republika  
Tel: +420 257 101 111

**Suomi/Finland**

Zoetis Finland Oy  
Bulevardi 21 / SPACES  
FI-00180 Helsinki/Helsingfors  
Suomi/Finland  
Puh/Tel: +358 10 336 7000  
[laaketurva@zoetis.com](mailto:laaketurva@zoetis.com)

**Sverige**

Zoetis Animal Health ApS  
Øster Alle 48  
DK-2100 Köpenhamn  
Danmark  
Tel: +46 (0) 76 760 0677  
[adr.scandinavia@zoetis.com](mailto:adr.scandinavia@zoetis.com)

**United Kingdom (Northern Ireland)**

Zoetis Belgium S.A. (Irish Branch)  
2nd Floor, Building 10,  
Cherrywood Business Park,  
Loughlinstown,  
Co. Dublin,  
IE – Dublin D18 T3Y1  
Tel: +353 (0) 1 256 9800

**17. Aðrar upplýsingar**

Bóluefnið er ætlað til virkrar ónæmingar hjá heilbrigðum hvolpum og hundum gegn sjúkdómum af völdum hundafársveiru, hundaparvóveiru, hundaadenóveiru af tegundum 1 og 2 og hundaparainflúensuveiru.